

Mánudagur 9. janúar

DV



- 18.00 **Töfraguggi Bomma** – endurs. frá 4. jan.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Iþróttahorníð.** Fjallað um iþróttir helgarinnar heima og erlendis.
- 19.25 **Staupasteinn.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.35 **„Sænska mafían“** Þáttur um sænsk áhrif í íslensku þjóðfélagi fyrr og nú.
- 21.10 **Búgarðurinn** (Sao Bernardo). Brasilísk mynd frá 1985. Leikstjóri Paulo José. Aðalhlutverk Regina Duarte, José Wilker, Carlos Gregório og Beatriz Segall. Auðugur búgarðseigandi hefur látið skrifa fyrir sig bók. Þegar útgefandinn fær hana í hendurnar sér hann að hún fjallar um annað en til var ætlast.
- 22.40 **Maður vikunnar.** Ingibjörg P. Jónsdóttir. Umsjón Baldur Hermannsson. Áður á dagskrá 17. desember sl.
- 23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

- 7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
- 8.00 **Denni dæmalausi.** Gamanþáttur.
- 8.30 **Hinir smáu.** Teiknimyndasería.
- 9.00 **Popp.** Þýskur popppáttur.
- 10.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
- 11.00 **50 vinsælustu.** Popppáttur.
- 12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuopera.
- 13.00 **Eftir 2000.** Vinsdapáttur.
- 14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
- 14.30 **Starcom.** Ævintýrasería.
- 15.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
- 16.00 **Barnaefni.** Teiknimyndir og tónlist.
- 17.00 **Gidet.** Gamanþátturinn vinsæli.
- 17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
- 18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.** Gamanþáttur.
- 18.30 **The Insiders.** Sakamálapáttur.
- 19.30 **Le Mans.** Kvikmynd frá 1971.
- 21.40 **Bilaspört.**
- 22.10 **Bilkarall** Paris-Dakar.
- 22.25 **Popppáttur.** Soul tónlist.
- 23.25 **Popppáttur.** Kanadískur þáttur.
- 24.00 **Road To Stamping Ground.**
- 1.00 **Grosse Fuge.**
- 1.30 **Tribulations Of St. Antoine.**
- 2.10 **Afrísk list.**
- 2.40 **Tónlist og landslag.**

- 23.10 **Kvöldstund í dúr og moll.** með Knúti R. Magnússyni.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.) Næsturútlag á samhengdum rásum til morguns.



- 7.03 **Morgunútlag.**
- 9.03 **Viðbít** – Þróstur Emilsson. (Frá Akureyri)
- 10.05 **Morgunskyrra** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Í Undralandi** með Lisu Páls. Sigurður Þór Salvarsson tekur við athugasemdum og ábendingum hlustenda laust fyrir kl. 13.00 í hlustendabjónustu Dægurmaláútlagsins.
- 14.00 **A milli mála** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
- 16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigurður Einarsson og Ávar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Kaffispjall upp úr kl. 16.00. „orð í eyra“ kl. 16.45 og dagsyfirlit kl. 18.30. Pétur Gunnarsson rithöfundur flytur pistil sinn á sjötta tímanum.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útlag unga fólksins** – Spurningakeppni framhaldsskóla. Verkmenntaskóli Austurlands – Fjölbautaskólinn í Breiðholti. Verslunarskóli Íslands – Fjölbautaskólinn í Garðabæ. Dómari og höfundur spurninga: Páll Lýðsson. Spyrill: Vernharður Linnét. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.
- 21.30 **FRÆDSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfasólans. Annar þáttur.
- 22.07 **Rokk og nyblýgja.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson kynnir. (Einnig útlag á aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 01.10 **Vökulög.** Tónlist af ýmsu tagi í næsturútlagi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30.



- 7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist – lítið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Morgun- og hádegistónlist allt í einum pakka. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór á Brávallagötu 92 kíkja inn milli kl. 10 og 11.
- 14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegisdegið tekið létt á Bylgjunni, óskalogin leikin. Síminn er 61 11 11. Bibba og Halldór aftur og nýbúin milli kl. 17 og 18. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 17.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.10 **Reykjavík síðdegis** – Hvað finnst þér? Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
- 19.00 **Frey móður T. Sigurðsson.** Meiri músik og minna mas.
- 20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
- 24.00 **Næturdagskrá** Bylgjunnar.



- 7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
- 9.00 **Niu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Heimsóknartíminn (tóm grín) klukkan 11 og 17. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.

- 17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
- 18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
- 21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokteill sem endist inn í draumalandið.
- 1.00 **Næsturjörður.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátturfræna.



- 8.00 **Hafdis Eydís Jónsdóttir** er fyrst á fætur og spilar góða tónlist og spjallar.
- 12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
- 13.00 **Snorri Sturluson** er ykkar maður á daginn. Líf og fjór, síminn er opinn, 625511.
- 17.00 **Hafdis Eydís Jónsdóttir** tekur síðasta sprettinn fyrir kvöldmat, spilar skemmtilega tónlist og spjallar við hlustendur.
- 19.00 **Ókynnt tónlist með kvöldmatnum.**
- 20.00 **Marínó V. Marínósson** á fyrri hluta kvöldvaktar. Góð tónlist er að sjálfsögðu í fyrirrúmi.
- 22.00 **Linda Mjöll Gunnarsdóttir** á rólegum nótum fyrir svefninn.
- 1.00 **Dagskrárlok.**



- 10.00 **Morgunstud.** Guðs orð og bæni.
- 10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvislegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
- 17.00 **Á góðri stund með Sigu Lund.** Umsjón: Sigríður Lund. Hermannsdóttir.
- 18.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
- 21.00 **Endurtekið efni** frá föstudegi í umsjón Halldórs Lárussonar og Jóns Þórs Eyjólfssonar.
- 23.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
- 24.00 **Dagskrárlok.**



- 13.00 **Framhaldssaga.**
- 13.30 **Af vettvangi baráttunnar.**
- 15.30 **Samtök kvenna á vinnu- og heimilinu.** E.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Húsnaðissamvinnufélagið Búseti.**
- 17.30 **Dagskrá Esperantosambandsins.**
- 18.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'í-samfélagið á Íslandi.
- 19.00 **Ópö.**
- 20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón: Klara og Katrín.
- 21.00 **Barnatími.**
- 21.30 **Framhaldssagan.** E.
- 22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar.
- 23.30 **Rótarðraugar.**
- 24.00 **Ferill og „FAN“.** E.
- 2.00 **Dagskrárlok.**



- 18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Fréttir af menningar- og félagslífi í Firðinum. Viðtöl og létt tónlist.
- 20.00–22.00 **Útlagsklúbbur** Viðistaðaskóla.



- 7.00 **Kjartan Pálmarsson** á morgunvaktinni með tónlist, upplestur úr blöðunum, upplýsingar um veður og létt spjall.
- 9.00 **Rannveig Karlsdóttir** á léttnum nótum með hlustendum. Óskalog og afmælisveðjur á sínum stað í síma 27711.
- 12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
- 13.00 **Pétur Guðjónsson** með tónlist úr öllum átum, gamla og nýja í réttum hlutföllum.
- 17.00 **Kjartan Pálmarsson** leikur tónlist fyrir þá sem eru á leið heim úr vinnu.
- 19.00 **Ókynnt gullaldartónlist með kvöldmatnum.**
- 20.00 **Rokkblítinn.** Pétur Guðjónsson leikur þungarokk.
- 22.00 **Þráinn Brjánssónsér** um tónlistarþátt.
- 24.00 **Dagskrárlok.**

Rás 2 kl. 20.30: Spurningakeppni framhaldsskóla

Í kvöld fer fram einn hluti spurningakeppni framhaldsskóla og er viðureignin milli Verkmenntaskóla Austurlands og Fjölbautaskólans í Breiðholti. Einnig reyna Verslunarskóli Íslands og Fjölbautaskólinn í Garðabæ með sér og er ekki síður að vænta andlegra átaka í viðureign þeirra. Dómari og höfundur spurninga er Páll Lýðsson en spyrill Vernharður Linnét. Umsjón með þættinum hefur Sigrún Sigurðardóttir.

Stöð 2 kl. 21.45: Frí og frjáls



Fyrsti þátturinn í nýjum breskum gamanmyndaflokki verður í kvöld. Fjalla þættirnir um tvenn hjón sem verja fríuna sínu á Costa del Sol. Ekki er nú ferðin komin til af góðu hjá Pearce hjónunum. Eiginmaðurinn hefur misst atvinnuna og notar síðustu avarana til að komast til Spánar. Brestur kemur í hjónabandið þegar eiginmaðurinn fer að halda fram hjá með Lindu, gullfallegridaðurdrós sem er í fríi með eiginmanni sínum, breskum séntilmanni. Dvölin á Costa del Sol verður því hin viðburðarík-

Fjölskyldurnar tvær á barnum ásamt barþjóni.

asta og sjálfsagt kannast margir Spánarfara við eitt-hvað úr þáttunum sem eru sjö. Aðalhlutverkin leika Keith Barron, Gwen Taylor, Linda Van Gyseghem og Neil Stacy.

Sjónvarp kl. 20.35:

Sænska mafían

Sænska mafían er nafn heimildarmyndar og er þemað sænsk áhrif í íslensku þjóðfélagi fyrr og nú. Á sjötta og sjöunda áratugnum urðu miklir fólksflutningar til Svíþjóðar. Þá var atvinnuleysi og kreppa á Íslandi. Iðnaðar- og verkamenntastreymdu til fyrirheita landsin í leit að vinnu og gæfuríkara lífi. Auk þess fóru mikill fjöldi námsmanna þangað. Þeir stunduðu m.a. nám í bókmenntum og listum, blaðamennsku, stjórnmálafræði, félagsfræði og fleiri fræðigreinum. Þessir námsmenn flyktust síðan heim „sprenglærðir“ og höfðu mikil áhrif á íslenskt þjóðlíf og voru þeir meðal annars ásaðar um að reyna að leggja undir sig íslenska menningu. Í hugum þeirra er ekki höfðu sótt nám sitt til útlanda en voru í áhrifastöðum á Íslandi voru þeir kallaðir sænska mafían.



Eins og nafnið bendir til gerist mánudagsmynd sjónvarpsins á búgarði.

Sjónvarp kl. 21.15:

Búgarðurinn

Mánudagsmynd Sjónvarpsins er brasilísk að þessu sinni, Búgarðurinn (Sao Bernardo). Fjallar myndin um unglung sem kemur að Sao Bernardo búgarðinum sem var í eigu fjárhættuspilara. Búgarðurinn endar í höndum Honório, tekur vel á móti honum. Þegar inn kemur er það áberandi brúðarmynd sem unglungurinn tekur sérstaklega eftir. Forvitni drengsins rekur eigandann til að tala um myndina og segja frá sjálfum sér. Kemur í ljós að hann hefur átt merkilega ævi, verið foreldralaus sem barn og flækingur þar til hann á einni af ferðum sínum rakst á Sao Bernardo búgarðinum sem var í eigu fjárhættuspilara. Búgarðurinn endar í höndum Honório og hann fer að huga að kvonfangi. Búgarðurinn er gerður eftir mjög þekktri brasilískri skáldsögu eftir Graciliano Ramos sem er með virtustu rithöfundum í Brasilíu.



- 15.45 **Santa Barbara.** Í fyrsta sinn í sögu íslensks sjónvarps mun Stöð 2 hefja sýningar á daglegum framhaldspáttum eða „sápuöperu“. Þættirnir verða á dagskrá alla virka daga vikunnar á sama tíma og eru um hálf tími að lengd. Aðalpersónur þáttanna eru fjórar ólíkar fjölskyldur sem áhorfendur kynnast smáum saman.

- 16.35 **Á eigin reikning.** Private Report. Tveir ungrir eldhugar leggja leið sína á sumarvalarstað ríka fólksins til að sinna eftirlætisá-hugamáli sínu – kvenfólki. Aðalhlutverk: Rob Morrow, Johnny Depp og Karyn O'Bryan.
- 17.55 **Myndrokk.** Kynstrin öll af blönduðum tónlistarmyndböndum.

- 18.15 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd.
- 18.45 **Fjölskyldubönd.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 19.19 **19:19.** Ferskur fréttaflutningur ásamt innslögum um þau mál sem hæst ber hverju sinni.
- 20.30 **Dallas.** Hlutirnir gerast hratt í viðskiptaheiminum. Klækjarefurninn J.R. er ávallt samur við sig.

- 21.15 **Dalur gæsanna.** Heimildarmynd sem greinir frá írskum konunarleiðangri sem var farinn í þeim tilgangi að kanna líf hellingja. Við fylgjumst með flutningi þeirra í norðurátt frá eyðilegju við vesturströnd Írlands til fæðuöflunar á Grænlandi.

- 21.45 **Fri og frjáls.** Duty Free. Þessir fjórugu bresku gamanþættir hafa átt miklum vinsældum að fagna í heimalandi sínu og fjalla um tvenn hjón sem verja fríuna sínu á Costa del Sol. Aðalhlutverk: Keith Barron, Gwen Taylor, Joanna Van Gyseghem og Neil Stacy.

- 22.10 **Fjalakötturinn: Nanook norðursins.** Nanook of the North. Landkönnuðurinn Robert Flaherty hafði víða komið við en leiðangur hans til Grænlands er sá sögufærgasti. Flaherty kom fyrst á meðal eskimóanna snemma árs 1910. Sjálfur segir hann að án þeirra aðstoðar hefði leiðangur hans runnið út í sandinn. Leikstjóri og framleiðandi: Robert Flaherty.
- 23.15 **Vinir Edda Coyle.** Friends of Eddie Coyle. Sibrotamaðurinn Eddi afreður að láta af fyrri iöju. Eddi blessaður hyggst sjá sér farborða með því að láta lögreglunni í té upplýsingar um afbrotamenn og misferli sem hann þegar uppi. Þessi iðja hans leggst misvel í hlutaðeigendur. Aðalhlutverk: Robert Mitchum, Peter Boyle og Richard Jordan. Leikstjóri: Peter Yates.
- 0.55 **Dagskrárlok.**



- 5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
- 6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.